

Efnisyfirlit

REGLUGERÐ	2
1. gr. (3. lagagrein) FÉLAGSAÐILD	2
A. Aðild	2
B. Félagskonur	2
C. Inntaka félagskvenna	2
D. Flutningur milli deilda	2
E. Missir félagsréttinda	2
F. Inntaka félagskvenna að nýju	3
2. gr. (4. lagagrein): FJÁRMÁL	3
A. Árgjald	3
C. Styrkir til fyrirlesara	3
3. grein (5. lagagrein): SKIPULAG	3
Skipulag landssambands	3
Stofnun nýrrar deildar	3
4. grein (6. lagagrein): KOSNING OG KJÖRGengi	4
Landssamband	4
Deild	4
5. grein (7. lagagrein): FRAMKVÆMDARÁÐ	4
6. grein (8. lagagrein): NEFNDIR	5
A. Störf fastanefnda	5
B. Hlutverk fastanefnda	5
C. Vinnunefndir	6
D. Alþjóðanefndir	6
7. grein (9. lagagrein): ÞING OG FUNDIR	7
A. Landssamband	7
B. Deildir	7
8. grein (11. lagagrein): FÉLAGSSLIT	8
9. grein (12. lagagrein): REGLUGERÐ	8

REGLUGERÐ

Þannig samþykkt á landssambandsþingi 14. maí 2023.

1. gr. (3. lagagrein): FÉLAGSAÐILD

A. Aðild

Konur sem teknar eru inn í samtökin hljóta félagsréttindi í samræmi við ákvæði í lögum og reglugerð DKG.

B. Félagskonur

1. Virkar félagskonur sem hafa hlotið inngöngu í deild DKG í samræmi við 3. gr. laganna kafla B1.

2. Aukafélagskonur skv. 3. og 4. gr. laganna, kafla B2, geta sótt fundi og tekið þátt í allri starfsemi deilda eftir því sem aðstæður þeirra leyfa, annarri en að gegna embættum.

3. Heiðursfélagar eru konur sem hafa unnið markverð störf á sviði fræðslumála eða í þágu kvenna skv. 3 gr. laganna kafla B3. Félagskona eða deild getur lagt fyrir landssambandsstjórn tillögu að heiðursfélagi með rökstuðningi. Tillagan skal berast landssambandsstjórn 90 dögum fyrir landssambandsþing. Landssambandsstjórn fjallar um málið og ákveður í samráði við féлага- og útbreiðslunefnd hvort hún mæli með tillögunni á landssambandsþingi. Heiðursfélagi er valinn með meirihluta atkvæða á landssambandsþingi.

C. Inntaka félagskvenna

Deildarfundur skal ræða fjölgun félagskvenna og fyrir hvaða svið fræðslumála vanti einna helst fulltrúa, þannig að sem mest breidd sé í bakgrunni deildarkvenna. Félagskonur í deild gera tillögur til stjórnar um hvaða konum þær mæla með í deildina. - Stjórnin tekur endanlega ákvörðun um hverjar skulu bornar upp til samþykktar. Greiða skal atkvæði um tillögurnar og ákveður hver deild hvernig kosningu skal hagað. Ef fleiri konur eru bornar upp til samþykktar á sama fundi, skal greiða atkvæði um hverja fyrir sig. Við val félagskvenna og inntöku skal taka mið af handbók Delta Kappa Gamma, kaflanum um féлага og inntöku þeirra. Taka skal væntanlega félagskonu inn í deild með formlegum hætti eigi síðar en ári eftir að henni hefur verið boðin þátttaka í DKG. Tilkynna skal nýja féлага til stjórnar landssambandsins, gjaldkera landssambandsins og féлага- og útbreiðslunefndar.

D. Flutningur milli deilda

Félagskona eða aukafélagskona sem hefur fengið samþykktan flutning milli deilda tilkynnir flutninginn á tilheyrandi eyðublaði til alþjóðasambandsins. Einnig skal hún tilkynna féлага- og útbreiðslunefnd flutninginn.

E. Missir félagsréttinda

Samkvæmt 3. grein E liðs landssambandslaga missir félagskona félagsréttindi ef hún greiðir ekki tilskilin gjöld fyrir 30. júní ár hvert. Ef félagskona hefur ekki greitt gjaldið fyrir tilskilinn tíma skal formaður deildar ræða við hana og hvetja hana til að greiða. Félagi, sem ekki greiðir félagsgjald fellur úr samtökunum 1. október. Ef félagskona ákveður að ganga úr samtökunum skal úrsögn vera skrifleg. Tilkynna skal úrsögnina til landssambandsstjórnar, gjaldkera landssambandsins og féлага- og útbreiðslunefndar. Tilkynna skal andlát félagskonu með sama hætti ásamt því að fylla út eyðublað á vef alþjóðasamtakanna.

F. Inntaka félagskvenna að nýju

Veita má fyrrverandi félagskonu inngöngu að nýju í þá deild sem hún óskar að gerast félagi í. Sótt er um skriflega til stjórnar viðkomandi deildar. Umsækjandi telst þar með fullgildur félagi þegar viðtökudeild hefur samþykkt beiðina. Tilkynna þarf landssambandsstjórn, félaga- og útbreiðslunefnd og alþjóðasambandinu að félagskona hafi að nýju gengið í samtökin.

2. gr. (4. lagagrein): FJÁRMÁL

A. Árgjald

Skv. 4. gr. laganna, greiða félagskonur sérstakt árgjald fyrir hvert starfsár sem hefst 1. júlí og lýkur 30. júní ári síðar. Það skiptist svo:

1. Alþjóðasamband 40 dollarar frá virkum félagskonum og 20 dollarar frá aukafélögum.
2. Árgjald til landssambandsins er samkvæmt ákvörðun landssambandsþings.
3. Árgjald til deildar er samkvæmt ákvörðun aðalfundar í hverri deild.
4. Námsstyrkjagjald er 1 dollari sem fer til námsstyrkjasjóðs landssambandsins.

B.

Deildir geta kosið um að greiða gjald til viðbótar þeim gjöldum sem að ofan greinir til að styrkja ákveðin verkefni.

Gjaldkeri hversrar deildar sér um að innheimta árgjald og skal í byrjun starfsárs upplýsa félagskonur hvernig gjaldið skiptist skv. A-lið reglugerðarinnar. Innheimtu gjalda skal vera lokið fyrir 30. júní ár hvert. Gjaldkeri hversrar deildar greiðir hlut alþjóðasambandsins og landssambands til gjaldkera landssambandsins fyrir 30. september ár hvert. Formenn deilda bera ábyrgð á innheimtu árgjalds ásamt gjaldkera.

C. Styrkir til fyrirlesara

Landssambandsstjórn og stjórnir deilda geta veitt styrki til félagskvenna sem flytja erindi á þingum samtakanna erlendis og skulu settar reglur þar að lútandi.

3. grein (5. lagagrein): SKIPULAG

Skipulag landssambands

Landssambandið skiptist í deildir. Framkvæmdaráð landssambandsins ákveður og skráir umdæmi deilda. Jafnframt skal stjórn landssambandsins halda yfirlit yfir umdæmi allra deilda sambandsins svo og félagatal.

Stofnun nýrrar deildar

1. Landssambandsstjórn felur félaga- og útbreiðslunefnd, sbr. 6. grein þessarar reglugerðar, að undirbúa stofnun deildar á grundvelli ákvörðunar framkvæmdaráðs um umdæmi deildarinnar. Alþjóðasambandið leggur nýrri deild til stofnskrá. Deildin starfar skv. ákvæðum í lögum og reglugerð DKG á Íslandi og öðrum reglum sem deildin setur sér á grundvelli þeirra.

2. Landssambandsstjórn boðar til stofnfundar nýrrar deildar. Forseti landssambandsins og félaga- og útbreiðslunefnd sitja stofnfundinn. Forseti stjórnar fundi og inntöku stofnfélaga sem skulu vera minnst 12. Að lokinni inntöku taka félagskonur deildarinnar við stjórn fundarins og ákveða frekari störf deildarinnar í samræmi við lög, reglugerð og handbók landssambandsins.

3. Stjórn landssambandsins sér um að útvega nauðsynleg gögn fyrir deildina, þ.e.a.s. kynningarrit, en lög og reglugerð, handbók og félagatal Delta Kappa Gamma á Íslandi eru á vefsíðu samtakanna.

4. Landssambandsstjórn sendir væntanlegum félagskonum boðsbréf. Hún sér einnig um að útvega hverjum stofnfélaga eftirtalin gögn: Kynningarbækling um samtökin, nælu samtakanna, skírteini frá alþjóðasambandi og félagsskírteini. Lög og reglugerð og félagatal Delta Kappa Gamma á Íslandi má nálgast á vefsíðu samtakanna.

4. grein (6. lagagrein): **KOSNING OG KJÖRGengi**

Landssamband

1. Kjörgengir í embætti forseta landssambandsins eru fyrrverandi formenn deilda.
2. Allar félagskonur hafa kjörgengi í önnur embætti landssambandsins. Æskilegt er að embætti landssambandsins dreifist á deildir. Kosningar skulu vera leynilegar þegar fleiri en ein kona er í kjöri í embætti, að öðru leyti telst sjálfkjörið í það embætti. Meirihluti atkvæða þeirra sem skráðar eru á landssambandsþingið ræður kjöri.
3. Kjörtímabil er tvö ár og enginn má gegna sama embætti lengur en tvö kjörtímabil í senn, að gjaldkera undanskildum. Embættismenn taka við störfum 1. júlí þeim næsta á eftir kosningu þeirra.
4. Uppstillingarnefnd er kjörin á landssambandsþingi. Uppstillingarnefnd tilnefni í laus embætti forseta, fyrsta varaforseta, annars varaforseta, ritara og meðstjórnanda og skilar tillögum til landssambandsstjórnar fyrir 15. febrúar á kosningarári.
5. Stjórn ber tillögu að gjaldkera til tveggja ára undir framkvæmdaráð til samþykktar.
6. Forseta er heimilt að óska eftir tilnefningu framkvæmdaráðs í aðrar nefndir.
7. Kjósa skal á landssambandsþingi tvo skoðunarmenn reikninga til tveggja ára.

Deild

1. Uppstillingarnefnd fyrir stjórn deildar skal kjörin á deildarfundum í síðasta lagi 3 mánuðum fyrir aðalfund. Hún skal skila tillögum til stjórnar eigi síðar en 2 mánuðum fyrir aðalfund.
2. Formaður skal kosinn sér. Kosning skal vera leynileg ef fleiri en ein kona er í kjöri, að öðru leyti telst sjálfkjörið í embættið. Sama á við um kjör annarra í stjórn. Meirihluti atkvæða þeirra sem sitja aðalfund ræður kjöri.
3. Kjörtímabil er tvö ár og enginn má gegna sama embætti lengur en tvö kjörtímabil í senn, að gjaldkera undanskildum. Embættismenn taka við störfum 1. júlí, þeim næsta á eftir kosningu þeirra

5. grein (7. lagagrein): **FRAMKVÆMDARÁÐ**

Forseti kallar framkvæmdaráð saman til fundar a.m.k. einu sinni á ári. Framkvæmdaráð skal gera tillögur um þau mál sem leggja skal fram á landssambandsþingi. Heimilt er að afgreiða mál bréflega, símleiðis eða með tölvupósti á milli funda. Landssambandsstjórn annast framkvæmd á samþykktum landssambandsþings og framkvæmdaráðs.

6. grein (8. lagagrein): NEFNDIR

A. Störf fastanefnda

1. Forseti í samráði við landssambandsstjórn og formenn deilda skipar þrjár félagskonur í hverja fastanefnd samtakanna til tveggja ára. Landssambandsforseti skipar formann en að öðru leyti skipta nefndirnar með sér verkum. Uppstillingarnefnd er þó kosin á landssambandsþingi. Æskilegt er að ekki sé öllum nefndarkonum skipt út í einu og að nefndarstörf dreifist eðlilega á deildir. Æskilegt er að hafa tengilið í þeim deildum sem ekki eiga fulltrúa í nefnd og er það í höndum viðkomandi nefndar að leita eftir slíku til landssambandsstjórnar og deilda.

2. Ef nefnd gerir ráð fyrir útgjöldum vegna starfsemi sinnar skal hún gera fjárhagsáætlun og leggja hana fyrir landssambandsstjórn sem tekur afstöðu til hennar og getur tekið hana inn í fjárhagsáætlun landssambandsins. Reikningar nefnda, sem skulu vera í samræmi við samþykkt fjárhagsáætlun landssambandsins, skulu lagðir fyrir landssambandsstjórn til afgreiðslu.

3. Formenn fastanefnda senda landssambandsstjórn skýrslur um störf nefndanna a.m.k. mánuði fyrir landssambandsþing. Nefndir viðhalda upplýsingum um störf sín á vefsíðu landssambandsins.

B. Hlutverk fastanefnda

1. Félaga- og útbreiðslunefnd

- a) Nefndin hefur umsjón með uppfærslu handbókar í samvinnu við laganefnd og landssambandsstjórn.
- b) Nefndin vinnur ásamt stjórn landssambandsins að undirbúningi að stofnun deilda, sbr. 3. gr. reglugerðarinnar.
- c) Nefndin heldur utan um félagatal landssambandsins og safnar upplýsingum frá deildum um nýjar félagskonur, látnar félagskonur og þær sem segja sig úr samtökunum.
- d) Nefndin ber ábyrgð á að senda skýrslu um látnar félagskonur til alþjóðasamtakanna og landssambandsstjórnar.
- e) Nefndin sendir upplýsingar til höfuðstöðva um þær félagskonur sem ljúka doktorsprófi.
- f) Nefndin er ráðgefandi um heiðursfélaga.

2. Laganefnd

- a) Laganefnd endurskoðar lög og reglugerð landssambandsins í ljósi breytinga sem gerðar eru á lögum alþjóðasambandsins og gætir þess að laga- og reglugerðarbreytingar brjóti ekki í bága við lög þess.
- b) Laganefnd annast þýðingu landssambandslaga ef eftir henni er kallað.
- c) Laganefnd skal hafa eftirlit með að samræmi sé milli laga, reglugerðar og handbókar.
- d) Öllum félagskonum er heimilt að gera tillögur um breytingar á lögum og reglugerð. Þær skulu sendar til laganefndar a.m.k. 90 dögum fyrir landssambandsþing. Laganefnd fjallar um þær, kannar hvort lagalegar forsendur eru fyrir tillögunum, mótar þær og sendir stjórn landssambandsins til umfjöllunar a.m.k. 60 dögum fyrir landssambandsþing. Forseti sendir síðan tillögurnar með dagskrá landssambandsþings. Tillagan telst samþykkt hljóti hún 2/3 hluta atkvæða skráðra þátttakenda á þinginu.
- e) Öllum félagskonum er heimilt að gera tillögur um breytingar á lögum og reglum alþjóðasambandsins. Senda skal laganefnd slíkar tillögur. Hún gerir tillögur til landssambandsstjórnar um þær lagabreytingar er hún mælir með. Forseti landssambandsins sendir tillögurnar til alþjóðasambandsins.
- f) Lögsögumaður landssambandsins er ráðgefandi fyrir nefndina og starfar með henni að túlkun á lögum alþjóðasambandsins.

3. Menntamálanefnd

- a) Nefndin fjallar um verkefni sem snerta fræðslu- og menntamál, þ.m.t. löggjöf á sviði menntamála og gerir tillögur um sameiginleg viðfangsefni.
- b) Nefndin skal annast miðlun gagna og fræðsluefnis til deilda.
- c) Nefndin sér um faglega dagskrá þinga og vorfunda og aðra faglega viðburði í samvinnu við landssambandsstjórn
- d) Nefndin skal undirbúa leiðtoganámskeið fyrir félagskonur með landssambandsstjórn.

4. Námsstyrkjanefnd

- a) Nefndin hefur samvinnu við námsstyrkjanefndir alþjóðasambandsins, jafnframt því sem hún vinnur innanlands að því að efla áhuga félagskvenna á styrkveitingum.
- b) Nefndin fylgist með því hvaða námsstyrkir standa til boða, sendir upplýsingar þar að lútandi til deilda og viðheldur upplýsingum á vefsíðu landssambandsins.
- c) Nefndin fer yfir umsóknir í námsstyrkjasjóð og gerir tillögur að úthlutun til landssambandsstjórnar.

5. Samskipta- og útgáfunefnd

- a) Nefndin vinnur með vefstjóra og landssambandsstjórn að því að viðhalda upplýsingum á vef.
- b) Nefndin annast útgáfu og dreifingu á fréttablaði landssambandsins og útgáfu á öðru efni sem landssambandsstjórn felur henni.
- c) Nefndin heldur til haga lista yfir efni útgefið af landssambandinu.
- d) Nefndin sér um að efla tengsl milli félagskvenna, deilda og landssambands.
- e) Nefndin hvetur til samskipta við utanaðkomandi hópa og gerir tillögur að leiðum til að kynna samtökin.

6. Uppstillingarnefnd

- a) Uppstillingarnefnd skipa þrjár félagskonur kosnar á landssambandsþingi til tveggja ára, þar af er ein kosin sem formaður.
- b) Nefndin gerir tillögur um frambjóðendur til landssambandsstjórnar, uppstillingarnefndar og skoðunarmenn reikninga.
- c) Uppstillingarnefnd skal senda bréf til allra deilda með ósk um tilnefningar í embætti eigi síðar en 1. desember fyrir kosningaár. Tilnefningar skulu berast uppstillingarnefnd fyrir lok janúar. Tilnefningum skulu fylgja skriflegar upplýsingar um starfsferil frambjóðenda og störf í þágu samtakanna. Uppstillingarnefnd skal vinna úr tilnefningum til embætta sem henni berast frá deildum og leggja fyrir stjórnina skrá yfir frambjóðendur sem stjórnin sendir út með fundarboði til landssambandsþings.

C. Vinnunefndir

Landssambandsstjórn er heimilt að stofna vinnunefndir til að sinna ýmsum sérstökum verkefnum á starfstíma stjórnarinnar. Stjórnin ákveður sjálf hverjir sitja í nefndunum og hversu lengi þær starfa, en þær geta þó ekki starfað lengur en starfstímabil stjórnarinnar.

D. Alþjóðanefndir

1. Landssambandsstjórn leitar eftir tilnefningum eða framboðum frá félagskonum í fastanefndir eða embætti á vegum alþjóðasambandsins, tekur afstöðu til þeirra og sendir upplýsingar um þær sem verða fyrir valinu til alþjóðasambandsins.

2. Landssambandsstjórn tilnefnir félagskonu í European Forum og nefndir sem stofnað er til af Evrópusvæðinu í samræmi við reglur sem gilda um aðrar nefndir og embætti.

3. Fulltrúar í nefndum á vegum alþjóðasambandsins og Evrópusvæðisins skulu skila skýrslum til stjórnar landssambandsins og upplýsa félagskonur almennt um störf sín, og sérstaklega það sem

snertir starfið hér á landi.

7. grein (9. lagagrein): ÞING OG FUNDIR

A. Landssamband

1. Halda skal landssambandsþing á vormánuðum á hverju oddatöluári þar sem fram fara m.a. aðalfundarstörf skv. 3. lið. Fundarstaður og fundartími skal ákveðinn af stjórn landssambandsins. Heimilt er einnig að halda aukaping á milli lögbundinna þinga telji framkvæmdaráð ástæðu til.
2. Ákvörðun um stað og tíma landssambandsþings og aukapinga skal tilkynna deildum með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara. Landssambandsþing skal boða skriflega með minnst mánaðar fyrirvara. Með fundarboði skal fylgja dagskrá þingsins og fundargögn s.s. tillaga uppstillingarnefndar um frambjóðendur í embætti, bráðabirgða reikningsskil, fjárhagsáætlun, tillögu að árgjaldi og tillögur um laga- og reglugerðarbreytingar ásamt tillögu að heiðursfélögum. Aukaping skal boða skriflega með minnst tveggja vikna fyrirvara.
3. Á dagskrá aðalfundar á landssambandsþingi þurfa m.a. að vera eftirtalin atriði:
 - a) Kosning fundarstjóra
 - b) Kosning tveggja fundarritara
 - c) Skýrsla stjórnar – umræður
 - d) Reikningar lagðir fram – umræður
 - e) Árgjald ákveðið
 - f) Fjárhagsáætlun lögð fram – umræður
 - g) Kosning forseta landssambands
 - h) Kosning annarra stjórnarmanna landssambands
 - i) Kosning í uppstillingarnefnd
 - j) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
 - k) Lagabreytingar og reglugerðarbreytingar
 - l) Ályktanir og tillögur sem berast til landssambandsþings með a.m.k. mánaðar fyrirvara.
 - m) Önnur mál

Á þinginu ræður meirihluti greiddra atkvæða skráðra þátttakenda.

4. Stjórn landssambandsins skal halda fundi a.m.k. tvisvar á ári. Forseti boðar til fundar. Heimilt er að afgreiða mál bréflaga, símleiðis eða með tölvupósti á milli funda.
5. Vorfundur. Landssambandsstjórn getur haldið vorfund um fagleg málefni á því ári sem ekki er landssambandsþing.

B. Deildir

1. Deild skal halda reglulega fundi eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári. Við kosningu og afgreiðslu mála ræður einfaldur meirihluti viðstaddra fundarmanna, sbr. 4. gr. reglugerðar þessarar 2. tölulið. Félagskonum sem vegna breyttrar búsetu geta ekki sótt fundi í sinni deild er heimilt að sækja fundi annarra deilda. Félagskonum á ferðalagi og þeim sem dvelja fjarri heimili sínu er heimilt að sitja fundi annarra deilda, landssambanda eða svæðasambanda.
2. Stjórn deildar skal halda minnst fjóra fundi á ári.
3. Formaður skal senda forseta landssambandsins skýrslu um störf deildar síðastliðin tvö starfsár mánuði fyrir landssambandsþing.

8. grein (11. lagagrein): **FÉLAGSSLIT**

Um framkvæmd félagsslita er vísað í lög og handbók landssambandsins.

9. grein (12. lagagrein): **REGLUGERÐ**

1. Tillögur að reglugerð og reglugerðarbreytingum skal senda laganefnd til athugunar a.m.k. 90 dögum f. landsambandsþing og gerir hún tillögur til landssambandsstjórnar a.m.k. 60 dögum fyrir landssambandsþing. Stjórn ber ábyrgð á að leggja breytingatillögur fyrir landssambandsþing.

2. Landssambandsþing tekur ákvarðanir um breytingar á reglugerð. Við afgreiðslu á landssambandsþingi þurfa reglugerðartillögur að hljóta 2/3 greiddra atkvæða þeirra sem skráðar eru á landssambandsþingið.

Endurskoðun á reglugerð

Unnin á stjórnartímabili 2021 -2023